

Framlög til VG 2002-2006

Í júlí árið 2009 undirrituðu fulltrúar allra flokka sem þá sátu á Alþingi eða hafa átt sæti síðustu ár yfirlýsingu um að birta fjárframlög til stjórnálagasamtaka vegna áráanna 2002-2006. Sérstaklega skal tilgreina þá aðila sem veitt hafa framlag að fjárhæð 500.000 kr. eða meira. Vegna þessa skal tekið fram að strax í upphafi setti Vinstrihreyfingin – grænt framboð sér þær reglur að upplýsa um öll framlög umfram 300.000 krónur. Síðar var þessi upphæð hækkuð í 500.000 krónur samkvæmt samþykkt flokksráðs Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs. Í reikningum flokksins kemur fram að Samvinnuþryggingar ehf. styrktu flokkinn um eina milljón króna árið 2006 en ársreikningar flokksins hafa verið birtir jafn óðum á netinu frá árinu 2003. Þetta er eina tilvikið þar sem fjárframlag frá fyrirtæki fór fram úr hálfri milljón til flokksskrifstofunnar.

Reikningar svæðisfélaganna hafa ekki verið birtir á netinu enda er um minni upphæðir að ræða hjá þeim. Vinstrihreyfingin – grænt framboð í Reykjavík sker sig þó úr árið 2006 og var þá aflað 12,5 milljón króna styrkja frá fyrirtækjum. Þrátt fyrir reglur flokksins var ekki gert grein fyrir þeim styrkjum sem í því tilviki voru hærri en 500 þúsund. Um leið og það uppgötvaðist var farið í saumana á yfirlitum félagsins og send leiðrétting til Ríkisendurskoðunar og er hér að neðan gert grein fyrir hvernig þessi upphæð skiptist milli fyrirtækja.

Forval tíðkaðist ekki í VG fyrr en fyrir sveitastjórnarkosningarnar 2006 en þá, eins og síðar, voru settar reglur um auglýsingabann frambjóðenda. Enginn frambjóðandi í forvali VG á umræddu tímabili rak kosningabaráttu fyrir meira en 300 þúsund krónur.

Undir hatti Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs eru starfandi 39 félög. Einhver þeirra voru stofnuð eftir árið 2006, önnur hafa ekki sjálfstæðan fjárhag eða lítil umsvif. Enn önnur hafa gert uppgjör sem eru samkvæmt bestu fánlegri vitneskju.

Styrkveitingar til Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs í Reykjavík árið 2006

Fyrirtæki	Upphæð
Atafl hf	200.000
Bakkavör Group	500.000
Baugur Group	1.000.000
Bifreiðar og landbún vélar	150.000
BNT ehf	200.000
Borgun hf	90.000
Brimborg ehf	150.000
Deloitte hf	25.000
Eimskipafélag Íslands	300.000
Ekki vitað	100.000
Ekki vitað	200.000
Exista	500.000
Frjálsi Fjárfestingabankinn	400.000
Gámaþjónustan	30.000
Gerpir ehf	50.000
Glitnir	500.000
Hagar hf	100.000
Húsasmiðjan	320.000
Ingvar Helgason ehf	100.000
Íslenskir aðalverktakar	200.000
Ístak ehf	250.000
Johan Rönning	100.000
Kaupþing banki hf	1.000.000

Fyrirtæki	Upphæð
Kjaran ehf	50.000
Klasi hf	150.000
Lagastoð	75.000
LAG-Lögmenn sf	150.000
Landsbankinn	1.000.000
Landslög	75.000
Línuhönnun hf	100.000
Lögmenn Ránargötu ehf	150.000
Mata hf	500.000
Milestone ehf	200.000
MP Fjárfestingabanki ehf	60.000
Nýsir hf	250.000
Nýsir hf	250.000
OLÍS	300.000
Samskip hf	500.000
Skýrr ehf	100.000
SPRON	600.000
Stoðir hf	125.000
Tryggingamiðstöðin	150.000
VA arkítekta	150.000
VGK-hönnun hf	500.000
VÍS	500.000
Össur hf	100.000

SAMTALS 12.500.000